

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, sekt þessi rennur í sveitarsjóð. Mál út af broti gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Hvolsvallarkauptúni í Rangárvallasýslu nr. 203 30. des. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

17. apríl 1973.

Nr. 126.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hvolhrepps, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvolhrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar, sem er eign Hvolhrepps. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt.

Hreppsnefnd er heimilt að skipa sérstaka vatnsveitunefnd til að fara með málefni vatnsveitunnar.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Hvolhrepps með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Heimilt er að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu, umsjón með nýlögnum og annist störf í þágu vatnsveitunnar, ef henta þykir.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar og götuæðar. Í nýjum götum leggur vatnsveitan greinar frá götuæðum að lóðarmörkum. Frá vatnsæðum vatnsveitunnar leggur húseigandi vatnsæðar á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð er í, á rétt að tengja vantsæð frá henni á eigin kostnað við hús sitt, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, sem vatnsveitan setur hverju sinni.

Réttur húseigandans til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilisnota, fyrir nægjanlegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögnum vatnsæðar, að tryggt sé, að

kostnaður við lögnina fáist endurgreiddur, annað hvort með beinni þátttöku notandans eða með því, að gjöld fyrir vatnsnotkun verði ákveðin með hliðsjón af kostnaði.

Vatnsveitan getur einnig ákveðið, að notendur, er síðar bætast við, beri hluta stofnkostnaðar við lögnina.

Vatnsveitan hefur eignarrétt og viðhaldsskyldu á aðalæðum, enda þótt húseigendur hafi í upphafi, að einhverju eða öllu leyti borið þann kostnað, er af lögninni leiddi, nema öðru vísi verði um samið.

5. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við vatnsveitu Hvolhrepps, skal senda hreppsnefnd umsókn þar um. Umsóknin skal vera skrifleg og henni skulu fylgja upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatnið skuli notað.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum vatnsveitunnar, nema að fengnu leyfi hreppsnefndar og eftir fyrirætlum umsjónarmanns. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

6. gr.

Hreppsnefnd og umsjónarmanni er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaður í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

7. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir itrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún og lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

8. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem metin eru til fasteignamats, og vatn er tengt í eða næst til vatnsæða frá, skal greiða árlegan vatnsskatt 0.25% af fasteignamati húsa og lóða, þó þannig að lægsta gjald af íbúð eða skattskyldri fasteign skal vera kr. 2 000.00.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts. Sé hús, sem greiða ber af vatnsskatt ekki virt fasteignamatsvirðingu, ákveður hreppsnefnd skattinn.

Af húsum, sem tengd er við vatnsveituna, skal greiða tengigjald kr. 5 000.00 fyrir hverja íbúð.

9. gr.

Auk almenns vatnsskatts skv. 8. gr. skal heimilt að innheimta álag á vatnsskattinn, ef vatnið er notað til annars en venjulegra heimilisnota. Eftir mati hreppsnefndar má álag þetta vera allt að 100% á hinn almenna vatnsskatt. Sé álag greitt eftir mældri notkun, greiðast kr. 2.50 fyrir hverja smálest.

10. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% bæði einstaka liði og í heild án staðfestingar ráðuneytisins.

11. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem taka má lögtaki, einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarfé rennur til sveitarsjóðs.

Mál út af broti á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir vatnsveitu Stórólshvolshverfis nr. 196 19. desember 1967.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

24. apríl 1973.

Nr. 127.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 16. apríl 1973 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, að í stað útivistarsvæðis við enda Síðumúla komi iðnaður og vörugeymslur, er kallist Síðumúli 2, 4 og 6.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

27. apríl 1973.

Nr. 128.

REGLUGERÐ

um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Heiti stofnunarinnar er Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

2. gr.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins er sjálfstæð stofnun með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir iðnaðarráðherra. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Reykjavík.